


Sjálfsmatsskýrsla

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2020-2021



Efnisyfirlit

1.0 Inngangur	4
2.0 Forsendor innra mats.....	4
2.1. Lagalegur grunnur.....	4
2.2 Markmið.....	4
2.3 Framkvæmd	4
2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri	5
3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun.....	5
3.1 Virkni nemenda í skólanum	5
3.2 Líðan og heilsa	8
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda	9
3.3 Skóla- og bekkjarandi.....	10
3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda.....	11
3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda.....	12
3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda	12
3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2020-2021	12
4.0 Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun	13
4.1 Starfið.....	13
4.2 Starfsmenn.....	13
4.3 Vinnustaðurinn	14
4.4 Stjórnun	16
4.5 Kennrarar - Kennarastarfið.....	17
4.6 Kennrarar – Starfsumhverfi kennara.....	19
4.7 Kennrarar – Símenntun kennara	20
4.8 Opin svör.....	21
4.9 Samantekt á starfsmannakönnun Skólapúlsins	21
4.10 Úrbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum Starfsmannakönnunar Skólapúlsins	22
5.0 Eineltiskönnun Olweusar	23
6.0 Maskína - Starfsmannakönnun sveitarfélagsins Árborgar.....	23
7.0 Kennslukönnun á unglingsastigi	24
8.0 Samskiptasáttmáli.....	25
9.0 Skólasýn og stefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.....	25
10.0 Innleiðing starfrænnar þróunar á unglingsastigi	25
11.0 Ytra mat	26

12.0 Samantekt.....	26
---------------------	----

1.0 Inngangur

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skiptist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1. - 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. BES er einsetinn heildstæður skóli með u.p.b. 140 nemendur í upphafi skólaárs 2020 og svipaðan fjölda nemenda að vori 2021. Nemendur koma úr þéttbýliskjörnum Eyrarbakka og Stokkseyrar ásamt nálægu dreifbýli. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum í Skólapúlsinum 2020-2021, bæði nemendakönnun og starfsmannakönnun, ásamt helstu niðurstöðum úr könnun frá Rannsóknir og greining sem framkvæmd var í september 2020 og tók fyrir líðan nemenda á tínum Covid. Farið verður yfir eineltiskönnun Olweusar, starfsmannakönnun sveitarfélagsins á vegum Maskínu, kennslukönnun sem gerð var á unglingastigi BES á Eyrarbakka ásamt því að fjallað verður um vinnu við innleiðingu samskiptasáttmála, skólasýn og stefnu skólans og fleira.

2.0 Forsendur innra mats

2.1. Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. gr. kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum könnunum. Nemendakannanir á vegum Skólapúlsins eru framkvæmdar árlega en foreldra- og starfsmannakannanir annað hvert ár. Á skólaárinu 2019-2020 var gerð foreldrakönnun en skólaárið 2020-2021 var gerð starfsmannakönnun. Þá var gerð könnun á vegum Rannsóknar og greiningar þar sem líðan nemenda í 8. - 10. bekk var skoðuð, Maskína framkvæmdi starfsmannakönnun meðal allra starfsstöðva sveitarfélagsins Árborgar, eineltiskönnun Olweusar var lögð fyrir í 5. - 10. bekk í mars 2021, kennslukannanir voru framkvæmdar í 7. - 10. bekk en auk þessa alls var unnið að skólasýn og stefnu skólans og samskiptasáttmáli starfsmanna BES

innleiddur. Í kjölfar yfirferðar á þessum könnunum er gerð úrbótaráætlun sem unnið er markvisst eftir.

2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2023.

Innra mat	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Unnið með niðurstöður sjálfsmats fyrri ára	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir starfsfólk	x		x
Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra		x	
Olweusarkönnun um einelti í 5. - 10. bekk	x	x	x
Kennslukannanir í 7. - 10. bekk	x	x	x
Ungt fólk (Rannsóknir og greining)	x	x	x

3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Nemendur í 6. - 10. bekk svoruðu spurningalista Skólapúlsins í október 2020 og apríl 2021. Heildarsvarhlutfall var 94,9%. Hér í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður, breytingar frá fyrri árum og hvernig BES sker sig frá samanlagðri útkomu annarra skóla sem tóku þátt. Lögð verður áhersla á að skoða þá þætti þar sem niðurstöður BES skera sig frá niðurstöðum heildarinnar. „Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.“

Viðhorf nemenda má sjá betur í myndunum í undirköflum 3. kafla, sem svör við spurningum sem mynda matsþátt. Sérstök áhersla er lögð á þau svör sem bera með sér tölfraðilega marktækan mun á dreifingu skv. kí-kvaðrat-prófi.* Hver liður hefur ákveðna matsþætti og hver matsþáttur er metinn eftir svörum nemenda við fjölmögum spurningum.

3.1 Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir þessa liðs eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Nemendur BES eru fyrir neðan meðaltal í öllum flokkum og fór lækkandi í öllum liðum milli ára nema hvað varðar náttúrufræði. Áhugi á stærðfræði er marktækt lægri en á landsvísu og trú á eigin vinnubrögð í námi og námsgetu er einnig marktækt lægri en gerist á landsvísu.

Myndritum hér eftir er BES með græna línu en landið rauða:


- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Landið

1. Virkni nemenda í skólanum


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	111	-0,3	4,5	17.501	-0,4*
1.2. Þrautseigja í námi	3,9	112	-0,5	4,6	17.611	-0,7*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,8	112	-0,6	4,8	17.865	-1,0*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	112	-0,0	4,7	17.839	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,7	112	-0,5	4,5	17.587	-0,8*
1.6. Trú á eigin námsgetu	3,8	112	-0,4	4,5	17.806	-0,7*

- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Landið

Áhugi á stærðfræði - Ársmeðaltöl:



Trú á eigin vinnubrögð í námi:



3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Á skólaárinu 2020-2021 var gerð sú breyting á að tveir kennarar voru í teymisvinnu og kenndu hverjum bekk fyrir sig en ekki í blönduðum hópum. Bundin var von við að aukin teymiskennsla í stærðfræði og íslensku ásamt auknum stuðningi við nemendur gæti haft jákvæð áhrif þegar horft er til framtíðar. Það virðist ekki hafa skilað sér hvað stærðfræðina varðar og það þarf að skoða fyrir næsta skólaár. Það reyndist vel að vera með starfsmann í nemendaþjónustu skólaárið 2019-2020 og var boðið uppá slíkt áfram skólaárið 2020-2021. Ekki náðist að manna stöðu náms- og starfsráðgjafa en starfsmaður í nemendaþjónustu sinnti einstaklingsviðtölum ásamt því að kenna námstækni á ungingastigi og halda utan um kynningu á námi fyrir tilvonandi útskriftarefni vorið 2021. Sama fyrirkomulag verður á skólaárinu 2021-2022.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að auka þrautseigju í námi	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Umsjónarkennarar, stoðþjónusta, Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að auka áhuga á stærðfræði	Fjölbreyttari verkefni og námsmat. Nýr stærðfræðikennari í teymi.	Umsjónarkennarar, teymi, stoðþjónusta, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi	Námsráðgjöf fyrir nemendur	Náms- og starfsráðgjafi,	2021	Aldrei	Skólapúls

		teymin, skólastjórnendur og heimilin.			
Að efla trú á eigin námsgetu	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls

3.2 Líðan og heilsa


Matsþættir þessa liðs eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni og staðir eineltis, tíðni hreyfingar og holtt mataræði.

2. Líðan og heilsa


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,5	112	-0,9	4,2	17.536	-0,7*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,9	111	-0,8	4,3	17.494	-0,4*
2.3. Vellíðan	3,7	111	-0,9	4,4	17.714	-0,7*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	29	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	111	0,3	5,6	17.685	0,4*
2.6. Tíðni eineltis	23,4%	26/111	-1,6%	13,6%	2468/17631	9,8%*
2.7. Staðir eineltis	-	25	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	26,9%	29/108	-12,0%	43,7%	7567/17263	-16,8%*
2.9. Holtt mataræði	4,0	111	-0,0	4,6	17.412	-0,6*

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan nemenda í BES er lægra en almennt gerist á landsvísu. Einelti er til staðar en tíðni eineltis virðist þó fara hægt lækkandi frá síðasta skólaári.

Einelti - Ársmeðaltöl:



Tíðni eineltis - Ársmeðaltöl:



Einelti jókst töluvert frá skólaárinu 2018/19 til 2019/20 en fer svo hægt lækkandi aftur skólaárið 2020/21.

3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að efla sjálfsálit/sjálfstrau st nemenda.	Nýta stefnu skólans og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.

Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Með öflugri nemendaþjónustu og samstarfi við heimilin.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að draga úr einelti.	Með fræðslu og með því að taka á eineltismálum sem upp koma.	Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin. Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls
	Með að efla Olweusarteymið	Skólastjórnendur og Olweusarteymið	2021	Aldrei	Skólapúls

3.3 Skóla- og bekjarandi


Matsþættir þessa liðs eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tínum, virk þátttaka nemenda í tínum og tíðni leiðsagnarmats.

3. Skóla- og bekjarandi

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,6	111	-0,3	4,8	17.392	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	3,8	111	-0,8	4,9	17.611	-1,1*
3.3. Agi í tínum	3,8	111	-0,9	4,9	17.580	-1,1*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tínum	4,4	110	-0,6	5,0	17.537	-0,6*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,1	110	-0,2	5,0	17.548	0,1


Það er ekki teljandi munur á milli nemenda BES og nemenda í sambærilegum skólum á landsvísu hvað þessa þætti varðar fyrir utan samband nemenda við kennara. Þar er líttill en þó marktækur munur. Leiðsagnarmat, sem felst m.a. í betri endurgjöf frá kennurum til nemenda, heldur áfram að fá hærri einkunn í BES heldur en almennt á landsvísu og er það ánægjulegt.

Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.



Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir séu sammála eða ósammála því að kennrarar hlusti vel á það sem þeir hafi að segja eru 63% nemenda sammála eða mjög sammála því en 37% óssammála eða mjög óssammála.

Nemendum semur vel við flesta kennara.



Þegar nemendur eru hins vegar spurðir hvort þeim semji við flesta kennara eru 52% nemenda ósammála eða mjög ósammála því en 48% sammála.

3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymiskennslu til að búa til fjölbreyttari hópa. Fræðsla um fjölbreytileika	Allir kennrarar, starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu með fræðslu.	Umsjónarkennrarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í tínum.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu.	Umsjónarkennrarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla leiðsagnarmat.	Fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara og nemendur. Setja inn vörður yfir skólaárið þar sem nemendur fá formlegt leiðsagnarmat.	Stjórnendur og allir kennrarar.	2021	Aldrei	Skólapúls
Styrkja skólasýn.	Vinna með skólasýn BES og skýra stefnu skólans.	Stjórnendur, kennrarar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, nærsamfélag.	2021	Aldrei	Skólapúls, skýrsla um vinnslu skólasýnar/stefnu.

3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann voru mjög margir sem nefndu félagsskapinn, góða kennara, frímínúturnar og að almennt væri hugsað vel um nemendur í skólanum. Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim þætti slæmt eða betur mætti fara í skólanum nefndu margir að það vantaði betri tölvukost og sett var út á gæði þess sem boðið er uppá í mótneyti skólans. Örfáir einstaklingar lýstu því yfir að þeir væru mótfallnir því að skólinn væri heilsueflandi grunnskóli og vildu hafa meira frjálsræði með hvernig nesti þeir kæmu með í skólann. Þá voru nokkrir sem nefndu kennrarar mættu bæta framkomu sína og ennfremur að hugifar nemenda mætti bæta og að nemendur mættu vera kurteisari.

3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendaráðið.	Að fulltrúar nemendaráðs kalli eftir umræðuefni á fundi nemendaráðs frá sammendum.	Stjórnendur, umsjónarmaður nemendaráðs, nemendaráð.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að halda formleg nemendaþing reglulega um skólamál með nemendum. (Þjóðfundastíll)	Skipuleggja nemendaþing 1-2 á ári.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls
Að gæta að hollustu í mótneyti og gæðum hráefnis.	Skoða matseðla, fara yfir innkaup og ræða við matráð.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls

3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2020-2021

Þegar niðurstöður þessarar nemendakönnunar eru dregnar saman má sjá að margt þarf að bæta. Það skal þó tekið fram að tímasetning könnunarinnar skiptir miklu máli þar sem könnunin í október er gerð á viðkvæmum tíma heimsfaraldursins og það sama má segja um apríl könnunina en þá voru miklar takmarkanir í gangi hvað varðar t.d. íþróttaiðkun nemenda o.s.frv. Heimsfaraldurinn útskýrir ekki alla liði könnunarinnar en gefur þó ákveðið tilefni til að rýna varlega í niðurstöðurnar. Einelti samkvæmt þessum niðurstöðum er of mikið en þó kemur fram að það fer minnkandi frá því í október 2020 og fram í apríl 2021. Á næsta skólaári er stefnan að fara í endurinnleiðingu á Olweusaráætlun skólans og bjóða öllum hagsmunaaðilum uppá fræðslu um hvað felst í því að vera Olweusarskóli. Samskiptateymi verður virkjað strax á haustmánuðum undir öflugri handleiðslu teymisstjóra.

4.0 Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsfólk BES í mars 2021. Fjöldi þátttakenda voru 51 en 46 svöruðu könnuninni eða 90,2%. Könnunin er í 8 liðum, starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, kennarar - kennarastarfið, kennarar - starfsumhverfið, kennarar - símenntun og opin svör starfsmanna. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður könnunarinnar.

4.1 Starfið


Í myndinni hér fyrir neðan má sjá matsþætti þessa liðs. Í öllum liðum er BES nokkuð á pari við það sem almennt gerist á landsvísu en það er marktækur munur þegar kemur að vinnuálagi. Starfsfólk BES telur vinnuálag vera innan skynsamlegra marka og að vinnuálagið sé sjaldan þannig að það sé svo óreglulegt að verkefnin hlaðist upp.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,0	46	-	4,5	1.548	-0,5*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,4	46	-	4,9	1.547	-0,5
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	46	-	4,8	1.548	0,1
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,9	46	-	5,1	1.549	-0,2

Bæta mætti skýrleika hlutverks hvers og eins en svo virðist sem kennurum þykir hlutverk sitt skýrara heldur en öðru starfsfólki.

Skýrleiki hlutverks – Kennarar og annað starfsfólk.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Kennurum finnst þeir almennt fá jákvæðar áskoranir í starfi.

4.2 Starfsmenn


Í þessum lið er fjallað um leikni í starfi, skuldbindingu til vinnustaðarins og skörun vinna og einkalífs. Það er ánægjulegt að sjá að BES er á góðum stað hvað þetta varðar og marktækt hærri þegar kemur

að skörun vinnu og einkalífs. Kröfur í vinnunni trufla ekki heimilislífið og almennt þykir fólk í það hafa góða færni til að leysa vandamál í starfi sínu.


2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	46	-	5,1	1.544	-0,2
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,2	46	-	5,2	1.543	0,0
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,2	46	-	4,8	1.543	-0,6*

Trufla kröfurnar í vinnunni heimilislífið og fjölskyldulífið?



Ertu ánægð(ur) með færni þína til að leysa vandmál í starfi þínu?




4.3 Vinnustaðurinn

Í þessum lið er fjallað um starfsanda, ánægju með vinnuaðstöðu, stuðning frá samstarfsfólk, stuðning við nýsköpun, mismunun og einelti. Starfsandinn er mjög góður og aðeins betri en gengur og gerist í öðrum skólum af sömu stærðargráðu. Starfsfólk þykir starfsandinn hvetjandi og styðjandi í rúmlega 91% tilfella og afslappaður og þægilegur í 96% tilfella. Starfsfólk er almennt ánægt með vinnuaðstöðuna sína en það þarf að lagfæra aðstöðu starfsmanna og þá ekki síst á starfsstöðinni á Eyrarbakka þar sem húsbúnaður og annað er komið nokkuð til ára sinna. Fólk finnst það fá þann stuðning og aðstoð sem það þarf frá samstarfsfólk sínu og það hafa einhvern sem er tilbúinn til að hlusta ef upp koma vandamál.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,9	46	-	5,4	1.539	0,5
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,9	45	-	5,0	1.502	-0,1
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,2	46	-	5,3	1.532	-0,1
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,4	46	-	5,2	1.529	0,2
3.5. Mismunun	4,2	46	-	4,8	1.529	-0,6*
3.6. Einelti (þú)	6,5%	3/46	-	3,8%	58/1523	2,7%
3.7. Einelti (annar en þú)	10,9%	5/46	-	9,5%	144/1509	1,4%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	2,2%	1/46	-	3,8%	57/1509	-1,6%


Sýna starfsmenn frumkvæði á þínum vinnustað?



Starfsfólk finnst það hafa stuðning við nýsköpun og að starfsmenn sýni frumkvæði á vinnustaðnum.

Starfsfólk upplifir marktækt minni mismunun á vinnustaðnum heldur en gerist á landsvísu en það er sorglegt að sjá að þrír starfsmenn segjast hafa orðið fyrir einhvers konar einelti eða áreiti á vinnustaðnum á síðustu 6 mánuðum fyrir könnun.

Hefur þú orðið fyrir einelti eða áreiti á vinnustaðnum undanfarna sex mánuði?




Eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan er þetta lágt hlutfall sem segist hafa orðið fyrir einhvers konar einelti eða áreiti á vinnustaðnum sínum á síðustu 6 mánuðum fyrir könnun en þrír einstaklingar á fámennum vinnustað er of mikið og markmið ávallt að koma þessari tölu í núll.


4.4 Stjórnun

Í þessum lið er fjallað um stuðning frá næsta yfirmanni, sanngjarna forystu valdeflandi forystu og ræktun mannauðs. Stjórnendur skora hátt í þessum lið samanborið við stjórendur annar skóla á landsvísu af sömu stærðargráðu.

Stuðningur frá næsta yfirmanni - Röðun.




Sanngjörn forysta.




Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Valdeflandi forysta.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Ræktun mannauðs.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Í ágúst 2020 tóku við nýir stjórnendur í stjórnendateymi BES þegar Páll Sveinsson (áður aðstoðarskólastjóri) tók við af Magnúsi J. Magnússyni sem skólastjóri og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir tók við af Páli Sveinssyni sem aðstoðarskólastjóri. Sigríður Pálsdóttir sinnti áfram stöðu deildastjóra yngra stigs og Sædís Ósk Harðardóttir stöðu deildarstjóra stoðbjónustu. Ekki er annað að sjá af þessum niðurstöðum að ánægja hafi verið með þessar breytingar í stjórnendateymi skólans.


4.5 Kennrarar - Kennarastarfið

Í þessum lið er fjallað um kennarastarfið, ánægju með kennarastarfið, trú á eigin getu, upplýsingamiðlun, einstaklingsmiðaða kennslu og fleira. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þessa liðs. Kennrarar í BES eru marktækt ánægðari en kennrarar annarra skóla á landsvísu með kennarastarfið. Þeir hafa góða trú á eigin getu og telja sig standa sig vel í upplýsingamiðlun til foreldra. Kennrarar í BES sinna undirbúningi fyrir kennslu að mestu leytí í skólanum en minnihlut ákveður að taka undirbúninginn með sér heim. Kennrarar BES ætla nemendum sínum marktækt minni tíma til heimanáms en gengur og gerist annar staðar á landinu.

5. Kennrarar - Kennarastarfíð

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfíð	6,3	22	1,6	5,5	880	0,8*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,6	20	1,8	5,0	868	0,6
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,3	18	1,3	5,1	786	0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	24,5 mín	19	-0,5 mín	41,3 mín	744	-16,8 mín*
5.5. Undirbúnингur kennslu í skólanum	72,7%	16/22	-16,2%	69,4%	620/893	3,3%
5.6. Öllum beknum kennt í einu	45,0%	9/20	3,8%	50,8%	423/832	-5,8%
5.7. Hópavinna í bekk	16,7%	3/18	-23,3%	30,4%	242/797	-13,7%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	55,6%	10/18	18,1%	33,7%	281/835	21,9%*
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	63,2%	12/19	6,9%	55,6%	469/843	7,6%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	10,5%	2/19	-2,0%	13,8%	112/809	-3,3%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	81,8%	18/22	-1,5%	78,1%	679/869	3,7%


Einstaklingsvinna í bekk - Ársmeðaltöl.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Mikil áhersla er lögð á vinnu nemandans sem einstaklings og hefur þar bætt nokkuð mikið í síðustu tvö skólaár.

Ég nota einstaklingsmiðaða kennslu (skipulag á einstaklingsmiðuðu námi þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa nemandans, að hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikill, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi).



Kennrarar eru meðvitaðir um einstaklingsmiðaða kennslu þar sem tillit er tekið til ólíkra þarf og námslegrar stöðu nemandans.


4.6 Kennrarar – Starfsumhverfi kennara

Í þessum lið er fjallað um starfsumhverfi kennara, stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðning við kennara vegna hegðunarárðugleika nemenda, faglegan stuðning skólastjóra við kennara, samráð um kennslu og samvinnu um kennslu. BES kemur vel út í þessum lið og fær marktækt hærri einkunn í þremur liðum af fimm eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan.

6. Kennrarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,1	22	1,0	5,5	776	0,6*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarárðugleika nem.	6,5	20	0,7	5,4	766	1,1*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,9	22	1,6	5,3	857	0,6*
6.4. Samráð um kennslu	5,2	18	1,6	5,4	833	-0,2
6.5. Samvinna um kennslu	6,0	19	1,0	5,5	762	0,5


Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika - Ársmeðaltöl.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Kennrarar BES upplifa að þeir hafi aðgengi að öðrum kennurum eða starfsfólki til að vinna með nemendum í kennslustofunni auk þess að hafa stuðning annarra kennara eða starfsfólks til aðstoðar við nemendur utan kennslustofunnar. Kennurum finnst almennt að þeir hafi alltaf, oft eða stundum aðgengi að ráðgjöf sérfræðings (t.d. sérkennara eða talkennara) sem geta leiðbeint þeim í vinnu sinni með nemendum. Enginn kennari telur sig aldrei hafa aðgengi að slíkri ráðgjöf.

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara - Ársmeðaltöl.



Kennrarar BES upplifa faglegan stuðning skólastjóra við kennara þar sem markmið námsins er rædd og skólastjórnendur hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleiti eða árangur. Skólastjórnendur mættu fylgjast oftar með beinni kennslu í kennslustofunni en þeir eiga í mörgum tilfellum frumkvæði að því að ræða vanda kennara í kennslustofunni.

4.7 Kennrarar – Símenntun kennara

Í þessum lið er fjallað um símenntun kennara, fjölda daga í símenntun undanfarið ár, símenntunarþörf kennara og hlutfall þeirra kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði.

7. Kennrarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	45,5%	10/22	8,0%	44,4%	371/835	1,1%
7.2. Símenntunarþörf kennara	5,2	22	0,1	5,1	861	0,1
7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 máñ.	54,5%	12/22	-14,2%	50,6%	431/852	3,9%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 máñ.	-	18	-	-	-	-

Kennrarar BES eru duglegir að sækja sér símenntun en 41% kennara sóttu sér símenntun í 25 daga eða meira síðastliðna 12 mánuði fyrir könnun. Kennrarar BES virðast sjá þörf fyrir að sækja sér símenntun t.a.m. til að sækja sér þekkingu á inntaki og markmiðum aðalnámskrár og til að auka skilning á námsmati.

4.8 Opin svör

Í þessum lið fengu starfsmenn tækifæri á að lýsa því sem þeim þætti gott við vinnustaðinn sinn og því sem þeim þætti betur mætti fara. Alls 33 einstaklingar skrifuðu lýsingar á jákvæðum atriðum varðandi vinnustaðinn og 26 aðilar atriðum sem bætur mættu fara. Þegar þessir þættir eru dregnir saman er áberandi að starfsfólk talar um góðan starfsanda, eflandi og skemmtilegt samstarfsfólk í jákvæðu, styrkjandi og lausnamiðuðu vinnuumhverfi. Stuðningur stjórnenda er mikill, starfsfólk fær hrós fyrir vel unnin störf, upplýsingaflæði er gott og góður sveigjanleiki á vinnustaðnum. Þegar kemur að því sem betur mætti fara þá er yfirbyggingin nefnd í fjölda tilfella og þá sérstaklega skólahúsnæðið á Eyrarbakka sem er sagt vera orðið ansi þreytt, það hafi svo áhrif á starfsfólk og nemendur. Þá þarf að bæta og auka við tækjakost skólans. Nokkrir nefna matinn í mótneytinu, vilja hollari og minna unnin mat og salatbar alla daga. Oft mætti bæta upplýsingaflæði og stjórnendur mættu fylgjast betur með starfinu innan kennslustofanna.

4.9 Samantekt á starfsmannakönnun Skólapúlsins

Stjórnendur BES eru almennt mjög ánægðir með niðurstöður könnunaránnar en gera sér grein fyrir að þeir verða að fylgjast vel með og vera meðvitaðir til að missa ekki niður þá ánægju sem virðist hafa orðið til í starfsmannahópnum. Á skólaárinu 2020-2021 unnu stjórnendur að gerð samskiptasáttmála starfsmanna í samstarfi við Samskiptateymi skólans en innleiðingarferlinu er ekki að fullu lokið. BES er fámannur vinnustaður þar sem öllum á að geta liðið vel og verið öruggir um að mæta ekki einelti. Samkvæmt þessari könnun eru þrír einstaklingar sem hafa upplifað einelti á vinnustað og það er eitthvað sem stjórnendur skólans vilja vinna með og sjá mun færri einstaklinga svara könnuninni á

þessa leið næst þegar hún verður lögð fyrir starfsmannahópinn. Það er jákvætt hvað starfsfólk hefur mikla trú á vinnustaðnum sínum og færni sinni til að leysa úr verkefnum líðandi stundar með stuðningi samstarfsfólks og stjórnenda.

4.10 Úrbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum Starfsmannakönnunar Skólapúlsins

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að tryggja áframhaldandi hæfilegt vinnuálag		Skólastjórnendur, umsjónarkennrarar, kennrarar, aðrir starfsmenn	2021	Aldrei	Skólapúls
Að tryggja skýrleika hlutverks	Vinna með skólasýn BES þar sem allir koma að vinnunni	Skólastjórnendur, umsjónarkennrarar, stoðþjónusta.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að bjóða uppá jákvæðar áskoranir	Hvetja kennara/starfsfólk til símenntunar og að prófa sig áfram með tilraunaverkefnum.	Stjórnendur, umsjónarkennrarar, stoðþjónusta.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að tryggja áframhaldandi leikni í starfi	Gera kennslukannanir þar sem kennrarar fá góða endurgjöf á vinnu sína	Stjórnendur	2021	Aldrei	Niðurstöður kennslukannana
Að tryggja góðan starfsanda	Halda áfram innleiðingu samskiptasáttmála. Minna regulega á góð samskipti. Vera góðar fyrirmyn dir.	Stjórnendur og starfsfólk i heild	2021	Aldrei	Skólapúls
Að uppræta einelti á vinnustað	Halda áfram innleiðingu samskiptasáttmála. Minna regulega á góð samskipti. Vera góðar fyrirmyn dir. Taka hratt og örugglega á tilfellum sem kunna að koma upp.	Stjórnendur og starfsfólk i heild	2021	Aldrei	Skólapúls
Að tryggja áfram stuðning frá næsta yfirmanni, sanngjarna og valdeflandi forystu	Halda áfram innleiðingu samskiptasáttmála. Vera góðar fyrirmyn dir.	Stjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla ánægju starfsfólks með vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi	Vinna þegar hafin með endurbótum á tölvukosti, stólakaupum o.s.frv. Tryggja áframhaldandi eftirfylgni	Stjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls


5.0 Eineltiskönnun Olweusar

Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri starfar samskiptateymi sem skipað er kennurum frá báðum starfsstöðvum skólans. Skólinn vinnur samkvæmt olweusaráætluninni á Íslandi - gegn einelti. Í mars 2021 framkvæmdi teymið könnun fyrir nemendur í 4. - 10. bekk en niðurstöður lagðar fram miðað við 5. - 10. bekk (miðstig og upp úr). Könnuninni svöruðu 71 nemandi sem gefur 95,9% svarhlutfall. Síðast var könnunin framkvæmd í nóvember 2019 og niðurstöður bornar saman milli skólaára. Það skal þó tekið fram að nokkur munur er á tímum fyrirlagnar í nóvember 2019 þegar covid heimsfaraldurinn var ekki farinn af stað og svo í mars 2021. Mögulega segja þessar niðurtöður okkur aðein um það hvernig heimsfaraldurinn hefur farið í nemendur.

Á síðasta skólaári var engum sem að leið mjög illa en nú svara 1,4% að þeim líði mjög illa. Rúmlega helmingur nemenda segir að sér líði vel eða mjög vel eða 57,2% en það er lækkun frá því á skólaárinu 2019-2020 þegar 68,5% sögðust líða vel eða mjög vel í skólanum. Þeim fjölgar milli skólaára sem segjast ekki hafa orðið fyrir einelti og það er ánægjulegt en hins vegar líður nemendum verr og huga þarf að því hvernig er hægt að sporna við þeirri þróun.

6.0 Maskína - Starfsmannakönnun sveitarfélagsins Árborgar

Maskína framkvæmdi vinnustaðagreiningu fyrir Sveitarfélagið Árborg í október og fram í nóvember 2021. Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf og líðan starfsmanna hjá sveitarfélagini í þeim tilgangi að bæta vinnustaði þess. Alls svöruðu 728 starfsmenn könnuninni eða 74,4% allra starfsmanna sveitarfélagsins. Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) var svarhlutfallið 69,6%. Niðurstöður leiddu í ljós að starfsmenn BES eru marktækt ánægðari í sínu starfi heldur en almennt gengur á vinnustöðum sveitarfélagsins og líður vel í vinnunni. Starfsfólk BES er ánægt með svigrúmið sem það fær til sjálfstæðra vinnubragða og það upplifir að það fái stuðning og hjálp með verkefni hjá samstarfsfélögum. Samskipti eru góð og fólk upplifir að starfsandinn sé mjög góður. Frá síðustu fyrirlögn vinnustaðagreiningar Maskínu hefur starfsfólk BES farið uppá við á ánægjuvoginni í öllum liðum nema tveimur. Það sem starfsfólk BES telur samkvæmt þessari greiningu að helst þurfi að laga er að skýrt sé til hvers er ætlast af fólk í starfi og yfirmenn séu duglegri við að veita hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Aðrar gagnrýnis raddir snúa fremur að sveitarfélagini í heild svo sem hvort fólk sé stolt af því að vinna hjá Árborg og að starfsfólk sveitarfélagsins vinni að sameiginlegu markmiði. Mikil ánægja mældist með stjórnendur skólans og þessi liður fær hærri einkunn en almennt gerist á öðrum vinnustöðum sveitarfélagsins og einkunnin fyrir þennan lið hefur hækkað milli ára.



7.0 Kennslukönnun á unglungastigi

Aðstoðarskólastjóri BES hafði frumkvæði að því í febrúar 2021 að framkvæma kennslukönnun í 7.-10. bekk BES. Þetta átti að vera einn liður í að leyfa röddum nemenda að heyrast og gefa nemendum tækifæri á að hafa áhrif á skólastarfið. Aðstoðarskólastjóri hitti nemendur hvers bekkjar fyrir sig og óskaði eftir að kennarar og stuðningsfulltrúuar yrðu ekki viðstaddir framkvæmdina. Nemendur fengu blað með tveimur spurningum; “1. Nefndu eitt jákvætt atriði við námsgreinina:” og “2. Nefndu eitt atriði sem betur mætti fara:” Nemendur áttu að skrifa sín svör á blaðið og fengu þær upplýsingar að þau gætu nefnt öll þau atriði sem þeim dytti í hug hvað varðaði kennarann sjálfan, námsgreinina, kennsluaðferðinar, námsmatið, námsgögn, vinnuálag, verkefnavinnu o.s.frv. Það var ítrekað fyrir nemendum að þau yrðu að vera málefnaleg því að ekki yrði tekið mark á ómálefnalegum athugasemdum. Þær námsgreinar sem hver og einn nemandi átti að meta voru íslenska, stærðfræði, danska, enska og NASA (náttúru- og samfélagsgreinar). Könnunin var nafnlaus sem gerði það að verkum að nemendur voru óhræddir við að skrifa sínar raunverulegu skoðanir. Aðstoðarskólastjóri tók saman alla punkta frá nemendum, sundurliðað eftir námsgrein og bekkjum. Farið var yfir það sem nemendum þótti jákvætt og það sem þeim þótti betur mætti fara með hverjum og einum kennara í kennaraviðtali. Með þessu fengu kennarar svart á hvítu ef það var eitthvað sem nemendum þótti ábótavant við námsgreinina eða hvern þann þátt sem þeir kusu að fjalla um og þeir fengu tækifæri til umbóta. Það var að auki hollt og gott fyrir kennara að sjá hrós frá nemendum fyrir það sem vel hafði verið gert. Kennarar voru spurðir álits á þessari kennslukönnun og hvort þeir sæju hag í að slíkt yrði framkvæmt aftur og þeir voru sammála um að það væri gott að fá svona beina endurgjöf á kennsluna frá nemendum. Almennt komu kennarar vel út úr þessari kennslukönnun, allir kennarar fengu hrós frá nemendum en allir kennarar fengu einnig ábendingar um það sem betur mætti gera. Það hvort kennarar hafa tekið þessum ábendingum alvarlega kemur svo í ljós næst þegar könnunin verður lögð fyrir.

8.0 Samskiptasáttmáli

Stjórnendateymi BES vann að því á skólaárinu að útbúa samskiptasáttmála starfsfólks í samvinnu við samskiptateymi skólans. Afrakstur þeirrar vinnu var innleiðing samskiptasáttmála í 9 liðum sem strax var farið að vinna eftir. Þessir liðir eru eftirfarandi: viðmótt, virðing, fagmennska, umhyggja, skilningur, ábyrgð, hreinskilni, jafnræði og viðbrögð.

9.0 Skólasýn og stefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Stjórnendateymi BES hóf vinnu að framtíðarsýn skólans og skólastefnu á skólaárinu. Stjórnendur byrjuðu á hugarflugsfundi þar sem settir voru niður á blað fjölmargir þættir sem þeim þóttu mikilvægir inn í vinnuna, svo var haldinn fundur með kennurum og þar sem óskað var eftir að þeir flokkuðu þessa þætti eftir mikilvægi og bættu við þáttum sem þeim þættu mikilvægir og/eða áhugaverðir inn í þessa vinnu. Með þessu voru fundnir lykilþættir sem unnið var með áfram ásamt kennurum, öðru starfsfólk og nemendum:

- Vellíðan nemenda: Samhugur og heilsuefling
- Teymiskennsla
- Stafrænir kennsluhættir
- Þemavikur/verkefni
- Tenging við nærsamfélagið
- Námsmat og vörður - Leiðsagnarmat
- Annað - Meiri útikennsla, flæði upplýsinga, opin stundatafla, umhverfisvitund

Til stendur að halda fund með foreldrum og aðilum nærsamfélags þar sem þeir fá að koma sínu sjónarhorni á framfæri og gert er ráð fyrir að haldið verði áfram með þessa vinnu á næsta skólári.

10.0 Innleiðing starfrænnar þróunar á unglungastigi

Vinna fór af stað á skólaárinu hvað varðar innleiðingu stafrænnar þróunnar á unglungastigi. Fyrsta skrefið var að festa kaup á bekkjarsetti af spjaldtölvum og kennsluefni aðlagað að nýjum kennsluháttum ekki hvað síst í samfélags- og náttúrugreinum. Verkefnið fór vel af stað og stefnt er að því að festa kaup á fleiri tækjum á næsta skólaári auk þess að skoða möguleikann á að bjóða foreldrum að kaupa tæki í gegnum skólann/sveitarfélagið þannig að hverju barni verði tryggður aðgangur að tæki. Verkefnið gekk vel en hefði gengið betur ef hver og einn nemandi hefði haft aðgengi að tæki. Að því sögðu þá á skólinn einnig fartölvur og nemendur höfðu einnig aðgang að fartölvukostí á skólaárinu. Verkefnum er að stórum hluta skilað inn rafrænt og kennrarar og stjórnendur merkja ekki annað en að meirihluta nemenda líki fyrirkomulagið. Áform eru um að halda þessari innleiðingu áfram á komandi skólaári 2021-2022.

11.0 Ytra mat

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri fór í gegnum ytra mat skólaárið 2018-2019 og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun sem gefin var út í mars 2019. Í þessum kafla verður farið yfir hvaða þættir eru komnir til framkvæmda og hvaða þættir eru á áætlun. Skólanámskrá var að mestu kláruð en mikil vinna var lögð í hana á skólaárinu. Teymisvinna og teymiskennsla hefur verið innleidd að miklu leyti á unglungastigi og gengur almennt vel. Teymiskennsla var tekin upp í íþróttum á öllum skólastigum og einnig innan stoðþjónustu skólans. Ráðinn var inn forfallakennari til að gæta þess að forföll kennara komi ekki niður á faglegu samstarfi og námi nemenda. Þetta reyndist vel og full þörf á forfallakennara. Þá var ráðinn leiðsagnarkennari í 20% stöðu til að styðja við kennara sem voru að stíga sín fyrstu skref og reyndist það vera mikið gæfuspor. Nám á unglungastigi fór meira fram með rafrænum hætti eins og fram hefur komið. Innra mats teymi var skipað á skólaárinu og mun verða uppfært á hverju skólaári framvegis og skólaráð virkjað og fundir haldnir með reglubundnum hætti. Allir þættir ytra mats sem flokkuðust undir “tækifæri til umbóta” hafa verið ávarpaðir og lang flestir komnir til fullra framkvæmdar og verður þessari vinnu haldið áfram á komandi skólaári.

12.0 Samantekt

Heilt yfir er mjög mikil ánægja með vinnustaðinn meðal starfsmanna sem endurspeglast í niðurstöðum skólapúlsins og vinnustaðagreiningu Maskínu. Helstu vankantar varða aðbúnaðarmál og þá sér í lagi aðbúnað í skólahúsnaðinu á Eyrarbakka. Það eru ákveðnir þættir sem líta þarf til og hafa þeir verið settir fram í umbótaáætlun. Í kennslukönnun sem var lögð fyrir nemendur fá allir kennrarar hrós frá nemendum en einnig ábendingar um hvað megi betur gera og er það von stjórnenda að kennrarar taki þeim ábendingum alvarlega og vinni með þær. Ávinningur þessa ætti að koma í ljós í næstu kennslukönnun. Hvað varðar nemendur þá er einelti of mikið þó það fari minnkandi frá því í október 2020 og fram í apríl 2021. Á næsta skólaári er stefnan að endurinnleiða Olweusaráætlun skólans. Nemendur virðast almennt ánægðir með kennara sína og að hugsað sé vel um nemendur í skólanum. Nemendum finnt að bæta mætti tölvukost skólans og sett var út á gæði þess sem boðið er uppá í mótneyti skólans. Umbótaráætlanir hafa verið gerðar til úrbóta á næsta skólaári og tímálfina sett upp. Það er alltaf markmið skóla að nemendum líði sem best og að þeir fái þá menntun sem þeim ber.